

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildarinnar, um lækkuð á jarðarafgjaldi.

1874.

8. júní.

Eptir að stjórnarráðið samkvæmt uppástungu landshöfðingjans um, að linun sú í landskuldagreiðslu, sem veitt var landsetunum á jörðunni Slyjum, sem heyrir undir Kirkjubæjar klausturs góz, Einari Ólafssyni og Sveini Sveinssyni, með bréfi stjórnarráðsins 13. oktbr. 1870¹, um 3 ár til fardaga 1873, alls 50 álnir, megi haldast við til fardaga 1876, reiknuð eins og hingað til, þannig að hver alin í öðrum helmingnum verði metin á 8 sk., en hinn helmingurinn eptir meðalverði allra meðalverða samkvæmt verðlagsskránni, — hafði veitt honum vald til, að veita fyrnefndum landsetum lækkuð þessa á jarðarafgjaldinu um 3 ár, ef það yrði sannað með skoðunargjörð, að lækkuð væri sanngjörn og afgjaldið, sem eptir stæði, hæfilegt, — hefir landshöfðinginn skýrt stjórnarráðinu frá, að hann hafi látið skoðunargjörð framfara og samkvæmt því valdi, sem stjórnarráðið hafði veitt honum til þess, veitt landsetunum á tæðri jörðu, Einari Ólafssyni og Sveini Sveinssyni, linun þá í landskuldagreiðslu þeirra af jörðunni Slyjum, sem getið var, 25 álnir hvorum þeirra, um 3 ár frá fardögum 1873 til fardaga 1876.

Þetta leiðum vör eigi hjá oss að tilkynna reikningastjórnardeildinni.

45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um þóknun fyrir jarðabætur á klausturjörðu.

15. júní.

Með bréfi, dagsettu 15. dag aprílm. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað skjal nokkurt, þar sem amtmáðurinn yfir norður- og austurumdæmi Íslands skýrir frá, að hann hafi veitt leiguliðanum á jörðunni Reykjum, sem heyrir undir Reyni-

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 103.

1874.

15. júní.

staðar klausturs góz, þorleifi hreppstjóra Jónssyni, 40 rd. verðlaun af því fê, sem ætlað er til garðaræktar í norður- og austur-umdæminu, fyrir talsverðar jarðabætur á tæðri jörð, og stingur uppá, að gefa megí fyrnefndum leiguliða til frekari verðlauna fyrir þetta upp jafnmikið af jarðarafgjaldinu á fardagaárinu 1874—75, sem er 220 áln. eptir meðalverði verðlagsskrárinnar; hafið þér mælt fram með, að það verði samþykkt, sem stungið er uppá.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið leyfir eptir því, sem ástatt er, að hlutaðeiganda verði gefinn upp helmingurinn af jarðarafgjaldinu fyrir fardagaárið 1874—75 í því skyni, sem getið var.

29. júní

46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um Vesturheimsfara.

Með bréfi, dagsettu 4. dag maím. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað fyrirspurn frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu, hvort menn, sem hafa flutt sig af Íslandi og farið til Bandaríkjanna í Vesturheimi eða til Kanada, og þar verða hjálpar þurfandi, geti búizt við, að þeim veitist nokkur styrkur, og hvort þess þá verði krafizt, að framfærsluhreppar Vesturheimsfaranna á Íslandi endurgjaldi styrkinn, eða hvort þeir verði fluttir heim aptur í þær sveitir, þar sem þeir áður áttu rétt til framfærslu; hafið þjer farið fram á, að dómsmálastjórnin finni ástæðu til að svara uppá þessar greinir, sem spurt er að, og jafnframt vakið máls á því, hvort það verði álitíð hagfellt, að skipa fyrir á Íslandi með lögum um tilsjón af hendi yfirvaldanna með flutningum manna til annara landa, eins og t. a. m. gjört er í Danmörku, en þér eruð helzt á því, að þess sé eigi þörf.

Útaf fyrirspurn þessari hefir dómsmálastjórnin skrifað utanríkisstjórninni og spurt að, hvort hún gæti látið til skýrslur um